



Alþingi

Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/476
komudagur 13.11.2012

Reykholti, 13. nóvember 2012
1211001 VV

Efni: Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 19. október 2012; frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (55. mál).

Byggðaráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 25. október 2012 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu erindisins:

Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 19. október 2012; frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (55. mál).

Lagt fram frumvarp til laga um kosningar til Alþingis. Byggðaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Þessi afgreiðsla byggðaráðs var síðan staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 8. nóvember 2012

Virðingarfyllst,

Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Alþingi
Erindi nr. P 141/229
komudagur 14.10.2012

From: Rósa Sif Jónsdóttir <rosa@arborg.is>
Sent: 26. október 2012 11:50
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: 55. mál til umsagnar

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar 25. október sl. var tekin fyrir beiðni nefndarsviðs Alþingis um umsögn – frumvarp til laga um kosningar til Alþingis um persónukjör þvert á flokka.

Eftirfarandi var bókað:

Lagt fram.

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Rósa Sif Jónsdóttir

ritari

rosa@arborg.is

sími 480 1900 fax 480 1901

Þessi tölvupóstur og/eda viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eda einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.



Sýslumannafélag Íslands

Vatnsnesvegí 33, 230 Keflavík, thorolfur@syslumenn.is s. 420 2428

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 141/177
komudagur 22.10.2012

Reykjanesbæ, 22. október 2012

Umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör þvert á flokka), 55. mál.

Í ljósi nýafstaðinnar ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu, er að mati stjórnar Sýslumannafélags Íslands ótímabært að fjalla um frumvarp þetta fyrr en ljóst er hver verða afdrif 39. gr. tillagna stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá.

f.h. Sýslumannafélags Íslands

Þóroldur Halldórsson formaður

Alþingi
Erindi nr. P 141/300
komudagur 2.11.2012

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

**Umsögn yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör þvert á flokka).
55. mál.**

Undirritaður hefur mótttekið tölvubréf stjórnaskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis dags. 19. október 2012 þar sem óskað er eftir umsögn hans um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör þvert á flokka) 55. mál.

Undirritaður sendir yður svohljóðandi:

U m s ö g n


Í fyrsta lagi þá gerir undirritaður athugasemd við að mjög skammur tími er gefinn til að gefa **umsögn** við frumvarpið, eða frá 19. október til 1. nóvember og inn í þessum tíma komu kosningar, þannig að því miður hefur undirrituðum ekki gefist tími til að grannskoða frumvarpið.

Eftir lestur frumvarpsins virðist hér um gagnvera breytingu á fyrirkomulagi kosninga að ræða, þannig að kjósendur geti valið frambjóðendur af öllum listum sem í framboði eru. Hugmyndin er góðra gjalda verð, þó talning verði auðvitað mun flóknari og niðurstöður einnig.

Þó er það sem undirrituðum finnst mestu máli skipta að mjög hætt sé við að ógildum seðlum muni fjölga umtalsvert með þessu fyrirkomulagi sem er talsvert flóknara fyrir venjulegan kjósenda en nú er.

Undirritaður mun fagna því að fá tækifæri til að hitta nefndina og ræða frumvarpið frekar.

Vestmannaeyjum, 2. nóvember 2012
Virðingarfyllst,



Karl Gauti Hjaltason
oddviti yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis

